

Skagafjörður
Skagfirðingabraut 21
550 Sauðárkrókur

Garðabær, 12. apríl 2024
Málsnúmer: 202402-0085
SS

Efni: Umsögn um deiliskipulag fyrir Borgargerði í Skagafirði.

Vísað er í erindi frá Skagafirði, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 28. febrúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag fyrir Borgargerði 4. Deiliskipulagið nær til lóðanna Borgargerði 4, 4b og 4c og eru gefnar heimildir fyrir uppbyggingu fyrir hesthús og reiðskemmu, íbúðarhús, bílskúr og smáhýsi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér deiliskipulagið og gerir ekki athugasemdir við þær heimildir um uppbyggingu sem þar eru kynntar. Uppbyggingin er ekki umfangsmikil og er áætluð á svæði sem í dag er að mestu framræst tún. Þar finnast þó eins og fram kemur í greinargerð deiliskipulagsins vistgerðir með hátt verndargildi, einkum votlendisvistgerðir. Mikilvægt er því að forðast öllu óþarfa raski og forðast frekari framræslu á votlendi en þegar hefur orðið. Þá ætti að skoða mótvægisáðgerðir s.s. endurheimt votlendis í stað þess votlendis sem verður raskað vegna framkvæmda.

Þá ber að hafa í huga að deiliskipulagsreiturinn er staðsettur nálægt víðáttumiklum votlendissvæðum, sem eru sum hver lítt röskuð og sem falla að hluta innan marka friðlýsingar Miklavatns. Einnig er allur reiturinn innan mikilvægs fuglasvæðis sem er Láglandi Skagafjarðar, en þar er þéttleiki mófugla og vatnafugla mikill. Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt þetta svæði fyrir B-hluta náttúruminjaskrár.

<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/nordvesturland/laglandi-skagafjarðar>.

Mikilvægt er að huga að því hver þolmörk svæðisins í heild eru fyrir frekari uppbyggingu og annarri mannvirkjagerð. Tryggja þarf verndun ósnortins votlendis og búsvæða fugla til framtíðar og að forsendur fyrir friðlýsingu Miklavatns rýrni ekki. Áshildarholtsvatn sem staðsett er norðan við Borgargerði er ekki undir friðlýsingu en þar er mjög auðugt fuglalíf sem gæti orðið fyrir truflunum af aukinni uppbyggingu í nágrenni þess.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

